

Alþingi  
Erindi nr. Þ 139/2798  
komudagur 26.5.2011

**Efnahags- og  
viðskiptaráðuneyti**

**Minnisblað**

Viðtakandi: **Efnahags- og skattanefnd**  
Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneytið og Seðlabanki Íslands**  
Dagsetning: **26.05.2011**  
Málsnúmer: **EVR11030133**  
Bréfalykill: **12.13**

Efni: **Minnisblað v. gjaldeyrisfrumvarps - viðbrögð við athugasemdum**

**Minnisblað til efnahags- og skattanefndar vegna frumvarps til laga um breytingu á  
gjaldeyrislögum og tollalögum  
- Viðbrögð við umsögnum -**

Í efnahags- og skattanefnd er nú til meðferðar frumvarp til breytinga á gjaldeyrislögum og tollalögum þskj. 1398, 788. mál, þar sem verið er að leggja til að reglur Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismál verði færðar inn í löginn og að gildistími þessara nýju ákvæða verði til 31. desember 2015. Eins og fram hefur komið er frumvarpið samið í samvinnu efnahags- og viðskiptaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands enda hefur Seðlabankinn hingað til mótað reglurnar og gefið þær út með samþykki efnahags- og viðskiptaráðherra. Þetta minnisblað er því einnig sameiginlegt minnisblað ráðuneytisins og Seðlabankans þar sem farið er yfir viðbrögð við helstu athugasemdum sem komið hafa fram hjá hagsmunaaðilum og lúta að reglunum sjálfum. Ráðuneytið sem og Seðlabankinn eru að sjálfsögðu reiðubúin að svara frekari spurningum sé þess óskað.

Í umsögn **Ríkissaksóknara** er lagt til að p-lið 3. gr. (13. gr. p) verði sleppt og þess í stað verði ákvæði um stjórnvaldssektir og refsingu vegna brota gegn 13. gr. a - 13. gr. n bætt í viðeigandi ákvæði laganna. Í 4. og 5. gr. frumvarpsins er að finna tillögur til breytinga annars vegar á 15. gr. a í lögnum, sem heimilar Seðlabankanum að leggja á stjórnvaldssektir, og 16. gr. laganna þar sem segir að brot gegn ákveðnum greinum laganna varði sektum eða fangelsi. Er þar lagt til að bætt verði við tilvísun til 13. a - 13. gr. n í báðar greinar. Ráðuneytið og Seðlabankinn eru því sammála tillögu **Ríkissaksóknar** og leggja til að 13. gr. p verði felld niður enda er annars um tvítekingu í lögnum að ræða.

Í umsögn **Seðlabankans** kemur fram að gera þurfi leiðréttingar á b-lið og n-lið 3. gr. frumvarpsins (13. gr. b og 13. gr. n) enda sé um að ræða misritun í frumvarpinu sem hefur í för með sér efnisbreytingu frá reglum 370/2010 um gjaldeyrismál. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið er sammála

þessari niðurstöðu Seðlabankans og leggur því til eftirfarandi breytingar til samræmis við breytingartillögu Seðlabankans:

A. Eftirfarandi breytingar verða á b-lið 3. gr. frumvarpsins (13. gr. b):

1. Inngangsmálsliður 1. mgr. orðast svo: *Eftirfarandi fjármagnshreyfingar milli landa eru óheimilar*  
2. Í stað orðanna "Bann 1. mgr. nær þó ekki til" í 2. mgr. kemur: *Allar fjármagnshreyfingar samkvæmt 1. mgr. á milli landa í erlendum gjaldeyri eru óheimilar, nema um sér að ræða*

B. Í stað orðanna "1. mgr. 13. gr. b" í 4. mgr. n-liðar 3. gr. frumvarpsins (13. gr. n) kemur: 2. mgr. 13. gr. b

Í umsögn SFF er fjallað um vandamál tengd 2. mgr. 13. gr. b og 3. mgr. 13. gr. c Það var ekki ætlunin að nauðsynlegt væri að erlendum aðili ætti reikning hér á landi til að geta flutt út andvirði arfs eða slysabóta og Seðlabankinn og ráðuneytið gera því ekki athugasemdir við breytingu orðlags til að taka af allan vafa um þetta. Lagt er því til að í stað orðanna „Enn fremur er einstaklingi sem er erlendum aðili heimilt að flytja út erlendan gjaldeyri sýni hann fram á að fjármunirnir séu andvirði slysabóta eða arfs sem tæmst hefur við dánarbússkipti“ í 4. málslið 2. mgr. 13. gr. b komi: *Enn fremur er heimilt að flytja út erlendan gjaldeyri í eigu einstaklings sé sýnt fram á að fjármunirnir séu andvirði slysabóta eða arfs sem honum hefur tæmst við dánarbússkipti.* Á sama hátt komi í stað orðanna „Enn fremur er einstaklingi sem er erlendum aðili heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri sýni hann fram á að fjármunirnir séu andvirði slysabóta eða arfs sem tæmst hefur við dánarbússkipti“ í 3. mgr. 13. gr. c: *Enn fremur er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri fyrir andvirði slysabóta eða arfs sem einstaklingi hefur tæmst við dánarbússkipti*“

Þá leggur SFF einnig til breytt orðalag í 1. tl. 2. mgr. d-liðar 3. gr. (13. gr. d) og eru ráðuneytið og Seðlabankinn sammála þeirri tillögu SFF. Er því lagt til að í stað orðanna "að greiða kostnað" í 1. tl. 2. mgr. d-liðar 3. gr. frumvarpsins (13. gr. d) komi: *notkunar*

Í umsögn SFF er gerð athugasemd við að ekki sé skýrt hvað átt sé við í 3. tl. 2. mgr. d-liðar 3. gr. frumvarpsins (13. gr. d), þar sem segir að við kaup á ferðamannagjaldeyri verði að sýna fram á að einstaklingur, eða forráðamaður hans ef um ólögráða einstakling er að ræða, sé eigandi fjármunanna sem greiddir eru fyrir erlenda gjaldeyrinn. Ráðuneytið og Seðlabankinn vilja áréttta að með þessu er ekki verið að gera ítarlegar kröfur um sönnun á því hver á þá fjármuni sem verslað er fyrir. Eingöngu er verið að koma í veg fyrir að einn aðili geti keypt gjaldeyri út á farseðla fjölda aðila og safnað þannig upp gjaldeyri. Ef aðili tekur fé út af sínum eigin reikningi eða kemur með reiðufé til að kaupa gjaldeyri eru ekki gerðar frekari kröfur til sönnunar um eignarhald. Ráðuneytið og Seðlabankinn gera því ekki athugasemdir við að í 3. tl. ákvæðisins verði bætt við að heimild til að kaupa eða taka út

gjaldeyri fyrir maka og leggja því til að við 3. tl. 2. mgr. d-liðar frumvarpsins bætist nýr málslíður svohljóðandi: *Þrátt fyrir ákvæði 1. málslíðar er einstaklingi þó heimilt að kaupa gjaldeyri fyrir maka.*

Þá gerir SFF líkt og SA, **Ríkisendurskoðun, Ríkisskattstjóri og Neytendasamtökin** athugasemdir við 3. mgr. d-liðar 3. gr. frumvarpsins (13. gr. d) þar sem kveðið er á um skilaskyldu ferðamanna á gjaldeyri. Almenn skilaskylda á gjaldeyri hefur verið við lýði frá því að fyrstu reglur Seðlabankans um gjaldeyrismál voru gefnar út 2008. Hins vegar átti að skerpa á skilaskyldu varðandi ferðamannagjaldeyri í frumvarpinu. Eftir að hafa farið yfir umsagnirnar eru ráðuneytið og Seðlabankinn sammála því að rétt sé að endurskoða reglur um skil á ferðamannagjaldeyri og leggja því til að 1. málslíður 3. mgr. d-liðar 3. gr. frumvarpsins (13. gr. d) verði felldur niður. Hins vegar telja ráðuneyti og Seðlabankinn að réttmætt sé að kveða á um skilaskyldu á gjaldeyri þegar ekki verður af fyrirhugaðri ferð, enda væri að öðrum kosti hægt að safna upp gjaldeyri. Er því lagt til að 2. málslíður d-liðar 3. gr. frumvarpsins haldist óbreyttur.

Í umsögn SFF er gerð tillaga til breytinga á 5. mgr. g-liðar 3. gr. frumvarpsins (13. gr. g) Meginmarkmið þessa ákvæðis er að valda ekki rekstrarvandamálum ef fyrirtæki hefur ekki sjóði (eða löngun) til að gera upp lán sem tekin voru fyrir setningu hafta. Framlenging lána hefur því verið heimiluð. Hvað endurfjármögnun varðar sjá Seðlabankinn og ráðuneytið ákveðin rök fyrir því að hún sé heimil en útfærsla á því er þó ekki einföld. Verði endurfjármögnun heimiluð verður að tryggja að innlendir aðilar geti ekki aukið skuldsetningu sína við erlenda aðila. Heimild til endurfjármögnunar yrði því að einskorðast við fjárhæð fyrri höfuðstóls að viðlögðum áföllnum vöxtum á uppgjörsteggi. Það hefði sömu áhrif og framlenging láns, nema ef vera skyldi breyttir skilmálar. Helstu hættur í þessu eru helst breyttir skilmálar eða kjör. Hægt er að sjá fyrir sér að tengt erlent félag greiði upp skuld fyrir hönd tengds innlands félags og láni svo innlenda félaginu á óeðlilegum kjörum eða með óeðlilegum skilmálum, breyttri myntsamsetningu eða eitthvað slíkt og gjaldeyri færi þannig úr landi sem annars væri til afnota fyrir íslenskt fjármálakerfi. Það er hins vegar erfitt að gera kröfu um sömu skilmála við endurfjármögnun. Ráðuneytið og Seðlabankinn leggja því ekki til að gerðar verði breytingar á ákvæðinu að svo stöddu.

Þá bendir SFF á að í athugasemdum með 2. og 3. mgr. j-liðar 3. gr. frumvarpsins (13. gr. j) sé að finna villu. Ráðuneytið og Seðlabankinn eru sammála því og telja nauðsynlegt að skýrt verði í nefndaráliti að um misritun í athugasemdum með frumvarpinu sé að ræða. Tillaga að skýringu í nefndaráliti gæti hljóðað svo:

*Í skýringum við 2. mgr. j-liðar 3. gr. frumvarpsins er að finna misritun enda er ósamræmi milli*

*athugasemda við 2. og 3. mgr. greinarinnar. Þar segir að innlendum aðila sé einungis heimilt að eiga gjaldeyrisviðskipti á grundvelli þessarar greinar til að standa skil á fyrrnefndum greiðslum til erlendra aðila. Hið rétta er hins vegar að innlendum aðila er ekki einungis heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri til að standa skil á þeim greiðslum sem um ræðir heldur er innlendum aðilum einnig heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri til greiðslu samningsbundinna afborgana lána í erlendum gjaldeyri hjá því innlenda fjármálafyrirtæki sem veitti viðkomandi lán líkt og tekið er fram í athugasemdum við 3. mgr. j-liðar 3. gr. frumvarpsins. Telur nefndin mikilvægt áréttu þetta til að taka af allan vafa um hvað sé heimilt.*

Í umsögn sinni bendir SFF einnig á að ómögulegt sé fyrir fjármálafyrirtæki að hafa eftirlit með því hvort að gjöf eða styrkur skv. k-lið 3. gr. frumvarpsins (13. gr. k) sé veitt til erlendra aðila enda geti margir aðilar borið sama nafn hvort sem um er að ræða Íslending eða aðila með erlent nafn. Ráðuneytið og Seðlabankinn vilja af þessum sökum áréttu að með vísan til innlendra og erlendra aðila er ekki átt við þjóðerni eða ríkisfang heldur verið að vísa til innlendra og erlendra aðila í skilningi 1. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál.

Að lokum leggur SFF til að gerðar verði smávægilegar breytingar á o-lið 3. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið og Seðlabankinn taka undir það og leggja til að í stað orðanna "laga nr. 87/1992" í 1. málslíð o-liðar 3. gr. frumvarpsins (13. gr. o) komi: *laganna*

Í umsögn Lúðvíks Júlíussonar er lagt til að framfærsluheimild 13.gr. c nái jafnt til innlendra og erlendra aðila. Ákvæðið eins og það er í frumvarpinu er óbreytt frá núgildandi reglum. Meiri hagsmunir eru í húfi fyrir erlenda aðila hvað þetta varðar. Breyting í þá átt að veita innlendum aðilum þessa heimild myndi hafa í för með sér töluvert gjaldeyrisútlæði. Ráðuneytið og Seðlabankinn mæla því ekki með slíkri breytingu.

Á sama hátt er ákvæði 13. gr. e óbreytt frá núgildandi reglum og ekki liggur fyrir mat á áhrifum þess að fara þá leið sem lög er til í umsögn Lúðvíks. Ekki er því að svo stöddu mælt með breytingu að þessu leyti. Hvað varðar ábendingu í umsögn Lúðvíks um að það skorti á leiðbeiningar varðandi beiðnir um undanþágur telja ráðuneytið og Seðlabankinn að rétt sé að taka til skoðunar verklag varðandi þetta s.s. með leiðbeiningum og/eða eyðublöðum.

***Breytingar sem lagðar eru til í skjalinu sem og fyrra minnisblaði til nefndarinnar:***

**A.** Eftirfarandi breytingar verða á b-lið 3. gr. frumvarpsins:

1. Inngangsmálslíður 1. mgr. orðast svo: *Eftirfarandi fjármagnshreyfingar milli landa eru óheimilar*

2. Í stað orðanna "Bann 1. mgr. nær þó ekki til" í 1. málslíð 2. mgr. kemur: *Allar fjármagnshreyfingar samkvæmt 1. mgr. á milli landa í erlendum gjaldeyri eru óheimilar, nema um sér að ræða*

3. 4. málslíður 2. mgr. orðist svo: *Enn fremur er heimilt að flytja út erlendan gjaldeyri í eigu einstaklings sé sýnt fram á að fjármunirnir séu andvirði slysabóta eða arfs sem honum hefur tæmst við dánarbússkipti.*

**B.** 4. málslíður 3. mgr. 13. gr. c orðist svo: *Enn fremur er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri fyrir andvirði slysabóta eða arfs sem einstaklingi hefur tæmst við dánarbússkipti.*

**C.** Eftirfarandi breytingar verða á d-lið 3. gr. frumvarpsins:

1. Í stað orðanna "að greiða kostnað" í 1. tl. 2. mgr. komi: *notkunar*

2. Við 3. tl. 2. mgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: *Þrátt fyrir ákvæði 1. málslíðar er einstaklingi þó heimilt að kaupa gjaldeyri fyrir maka.*

3. 1. málslíður 3. mgr. fellur niður.

**D.** Í stað orðanna "1. mgr. 13. gr. b" í 4. mgr. n-liðar 3. gr. frumvarpsins kemur: *2. mgr. 13. gr. b*

**E.** Í stað orðanna "laga nr. 87/1992" í 1. málslíð o-liðar 3. gr. frumvarpsins komi: *laganna*

**F.** P-liður 3. gr. frumvarpsins fellur brott.

**G.** 6. gr. frumvarpsins verður svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða I í lögnum orðast svo: *Fram til 31. desember 2015 getur Seðlabankinn bundið gjaldeyrisviðskipti sín skilyrðum hvað varðar innra skipulag og fjárfestingarstefnu viðskiptamanna, eignarhald og fjármögnun þeirra, lágmarkstíma á eignarhaldi hluta eða hlutabréfa útgefnum af viðskiptamönnum, ráðstöfun þeirra á gjaldeyri til nánar tilgreindra fjárfestinga og lágmarkstíma á fjárfestingu þeirra.*

**H.** Tillaga að leiðréttingu á athugasemdum með frumvarpinu í nefndarálit:

*Í skýringum við 2. mgr. j-liðar 3. gr. frumvarpsins er að finna misritun enda er ósamræmi milli athugasemda við 2. og 3. mgr. greinarinnar. Þar segir að innlendum aðila sé einungis heimilt að eiga gjaldeyrisviðskipti á grundvelli þessarar greinar til að standa skil á fyrrnefndum greiðslum til erlendra aðila. Hið rétta er hins vegar að innlendum aðila er ekki einungis heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri til að standa skil á þeim greiðslum sem um ræðir heldur er innlendum aðilum*

*einnig heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri til greiðslu samningsbundinna afborgana lána í erlendum gjaldeyri hjá því innlenda fjármálafyrirtæki sem veitti viðkomandi lán líkt og tekið er fram í athugasemdum við 3. mgr. j-liðar 3. gr. frumvarpsins. Telur nefndin mikilvægt áréttta þetta til að taka af allan vafa um hvað sé heimilt.*